



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10

150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 143/1561
komudagur 8.4.2014

8. apríl 2014

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um að draga til baka umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu og um eflingu samstarfs við Evrópusambandið og Evrópuríki, 340. mál, tillögu til þingsályktunar um ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu um áframhald aðildarviðræðna við Evrópusambandið, 344. mál og tillögu til þingsályktunar um formlegt hlé á aðildarviðræðum Íslands og Evrópusambandsins og þjóðaratkvæðagreiðslu um viðræðurnar, 352. mál.

Samtök atvinnulífsins telja nauðsynlegt að leiða til lykta aðildarviðræður við Evrópusambandið og bera samning um aðild Íslands undir atkvæði þjóðarinnar. Að öðrum kosti verður ekki með óyggjandi hætti leitt í ljós hvað í aðild felist og hverjar niðurstöður gætu orðið um helstu hagsmunamál Íslands í þeim viðræðum.

Samhliða þarf að varpa ljósi á aðra möguleika sem þjóðast og draga fram hvað felst í mismunandi leiðum t.d. um hvernig best sé að haga gjaldmiðilsmálum til lengri tíma og hvort unnt sé að tryggja stjórn Íslendinga á eigin auðlindum við aðild að ESB. Einungis þegar allir möguleikar liggja fyrir, og unnt er að leggja mat á þá samhliða, getur hver og einn tekið ákvörðun hvort hann telji hagsmunum Íslands betur borgið með aðild að ESB eða samstarfi samkvæmt EES - samningnum.

Besta leiðin hlýtur að vera sú sem best tryggir efnahagslegan stöðugleika, samkeppnishæfni íslensks efnahagslífs og mesta verðmætasköpun, eykur alþjóðaviðskipti og tryggir bestan hag fólks og fyrirtækja til lengri tíma.

Samtök atvinnulífsins ásamt fleiri samtökum á vinnumarkaði óskuðu eftir því að Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands gerði úttekt á aðildarviðræðum Íslands og ESB. Niðurstöðurnar liggja nú fyrir í vandaðri skýrslu stofnunarinnar.

Í ágripi af niðurstöðum Alþjóðamálastofnunar segir m.a. um gang aðildarviðræðna:

„Aðildarviðræður, sem og samningaviðræður almenn, byggja gjarnan á því verklagi að semja fyrst um þau mál sem samhljómur er um, en sérlausnir, eftirgjafir og málamiðlanir eiga sér stað á lokadögum samninganna. Af þessum sökum er erfitt að gera sér grein fyrir því hvaða niðurstaða hefði komið fram í helstu hagsmunamálum Íslendinga ef viðræðunum hefði verið lokið. Þó liggur fyrir að öll ný aðildarríki hafa hingað til getað samið um sérlausnir um ákveðin málefni er hafa legið þeim þyngst á hjarta og snerta mestu hagsmuni ríkjanna. Þess vegna hlýtur niðurstaða aðildarsamnings að ráðast af forgangsröðun stjórnvalda um það hvaða mál eru sett á oddinn í viðræðunum því óraunhæft er að ætla að hægt sé að ná nema ákveðnum fjölda mála fram í samningum.“

„Viðmælendum skýrsluhöfunda í Brussel bar öllum saman um að auðvelt myndi reynast að hefja viðræður að nýju, svo fremi sem aðildarumsóknin yrði ekki dregin til baka. Það sé í raun ekkert sem reki á eftir Íslendingum að taka ákvarðanir um framhald viðræðnanna nú þegar samninganefndirnar hafi verið leystar upp og vinnu



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

hafi verið hætt hjá báðum samningsaðilum. Vari viðræðuhléið í mörg ár muni samningavinnan vitanlega úreldast hægt og bitandi þar sem lagasafn ESB tekur ýmsum breytingum með tímanum. Því væri viðbúið að það þyrfti að opna suma kafla aftur eftir langt hlé. Slik endurskoðun þyrfti þó í flestum tilvikum ekki að taka langan tíma þar sem kaflarnir sem um ræðir eru flestir á gildissviði EES samningsins, og Ísland heldur áfram að innleiða EES-löggjöf, óháð því hvort aðildarviðræður eru í gangi eður ei. Hins vegar, ef umsóknin yrði dregin til baka, færi ferlið aftur á byrjunarreit. Nýjar aðildarviðræður myndu krefjast þess að leita þyrfti aftur samþykkis allra aðildarríkjanna, kalla þyrfti saman nýja ríkjaráðstefnu og veita framkvæmdastjórninni nýtt samningsumboð. Síðan þyrfti að endurtaka öll fyrri skref viðræðuferlisins.“

Um efnahags- og peningamál segir m.a. í ágrípinu:

„Miðað við núverandi stöðu mála mun afnám fjármagnshafsta verða eitt helsta samningamálið í aðildarviðræðum. Miðað við reynslu annarra ríkja koma nokkrir farvegir til greina fyrir ESB til þess að styðja við lausn hafta hérlendis. En svo virðist sem hægt sé að draga þrjár ályktanir í þessu sambandi:

- Slik aðstoð myndi ráðast á síðustu metrunum í aðildarviðræðum og engar skuldbindingar af hálfu ESB myndu liggja fyrir fyrir en aðildarsamningur yrði gerður opinber.
- Slik aðstoð – ef veitt yrði – myndi ávallt vera hluti af áætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og undir eftirliti hans.
- ESB og Evrópski seðlabankinn hafa þegar gefið ádrátt um að koma að málinu með frumkvæði um stofnun vinnuhóps um afnám hafta.“

„Þegar allt þetta er dregið saman, auk þess að taka tillit til þess mikla viðskiptaábata sem alþjóðleg og greiðsluhæf mynt getur sannanlega fært smáþjóðum, verður ekki önnur ályktun dregin en að upptaka evru með aðild að myntbandalagi Evrópu muni fela í sér gríðarlegan velferðarábata fyrir Ísland. Vitanlega kemur kostnaður á móti. Það er förn að gefa eftir sjálfstæði í peningamálum og einhverju leyti sjálfstæði ríkisfjármála, jafnvel þó íslenskum stjórnvöldum hafi ekki tekist vel upp við beitingu þessara hagstjórnartækja. Líklegt er að í kjölfarið muni fylgja meiri breytileiki í atvinnuleysi samfara hagsveiflum þó langtíma atvinnustig ætti ekki að verða fyrir áhrifum. Þá liggur einnig fyrir að samhliða upptöku evru verða töluverðar stofnanabreytingar að eiga sér stað þar sem hærri nafnlaunahækkningar hérlendis en erlendis munu draga verulegan dilk á eftir sér með verri samkeppnisstöðu og síðan kreppu. ESB er samband fullvalda ríkja og Íslendingar munu áfram þurfa að bera ábyrgð á sinni efnahagsstjórn, og það mun velta á þeim hvernig til tekst að vinna úr nýju stofnanafyrirkomulagi.“

Frá fullveldi hefur Ísland háð mjög harða baráttu við að varðveita efnahagsstöðugleika samhliða því að halda landinu opnu gagnvart umheiminum. Í sögulegu samhengi verður ekki önnur ályktun dregin en sú að með aðild að myntbandalagi Evrópu leysist loks hin mikla þverstæða sem Íslendingar hafa barist við í hartnær heila öld; að geta notið samtímis fastgengis og frelsis í viðskiptum með vörur, þjónustu og fjármagn.“

Um sjávarútvegsmál segir í ágrípinu:

„Aðildarviðræður Íslands við ESB um sjávarútvegsmál komust aldrei af stað vegna makrildeilunnar. Sú deila varð til þess að sjávarútvegsdeild framkvæmdastjórnar ESB, Frakkland, Írland, Portúgal og Spánn beittu sér fyrir því að opunarviðmið yrði sett tengt deilunni fyrir Ísland. Opunarviðmið eru skilyrði sem umsóknarríkinu er gert að uppfylla áður en samningaviðræður um efni kaflans geta hafist. Íslensk stjórnvöld gátu ekki sætt sig við slík skilyrði enda um lykilkafila að ræða sem hugsanlegur aðildarsamningur myndi standa eða falla með. Stækkunardeild framkvæmdastjórnar ESB, Norðurlöndin (sem eru aðilar að ESB) og Bretland voru meðal þeirra sem studdu kröfur Íslands að þessu leyti og beittu sér gegn opunarviðmiðum.“

„Embættismenn ESB hafa bent á að sjávarútvegsstefnan er ekki eins stíf og hún er talin og klæðskerasniðnar lausnir séu algengar innan sambandsins. Þannig muni ekkert beinlínis standa í vegi fyrir því að hægt sé að finna lausn sem taki mið af óskum Íslendinga. Útilokað er þó að spá fyrir um hvernig slíkar lausnir verði útfærðar. Slíkar æfingar byggjast á getgátum. Ef ætlunin er að fá botn í það álitaefni er nauðsynlegt að ljúka aðildarviðræðum.“



Og að lokum segir í ágrípi skýrslu Alþjóðamálastofnunar um landbúnaðarmál:

„Mikill undirbúningur fór fram af hálfu Íslands á sviði landbúnaðarmála vegna aðildarumsóknarinnar og umtalsverð þekkingaruppbygging átti sér stað á flestum stigum stjórnsýslunnar. Samningsafstaða var á lokastigum í janúar 2013, þegar ákveðið var að setja aðildarviðræðurnar í „hægagang“ fram yfir alþingiskosningar. Ef tekið er mið af aðgerðaáætlun sem birt var um mitt ár 2012 og viðtölum við aðila sem stóðu nærri þessari vinnu er óhætt að segja að viðræður hefðu að miklu leyti snúist um hversu raunarlegan stuðning Ísland gæti fengið úr sjóðum ESB; hversu mikinn innlendan stuðning Ísland fengi heimild til að veita íslenskum landbúnaði og hversu mikinn framleiðslutengdan stuðning hefði mátt veita. Fordæmi hefðu að líkindum verið sótt í norðurslóðaákvæði aðildarsamnings Finnlands.

Í samningsafstöðu vegna kafla um matvælaöryggi og dýra- og plöntuheilbrigði er farið fram á um tíu undanþágur, sérlausnir og aðlögunartímabil. Þar sem hlé var gert á viðræðum áður en viðbrögð ESB komu við samningsafstöðunni er erfitt að meta líkur á að kröfur Íslands hefðu náðst í gegn.“

„Um aðrar óskir Íslands um undanþágur frá innflutningi tiltekinna hráefna eða afurða má segja að í fljótu bragði virðast reglur ESB gefa möguleika á ýmis konar undanþágum að því tilskyldu að hægt sé að sýna fram á, með gildum vísindalegum rökum, að almenningi, dýrum eða náttúru stafi raunveruleg hættu af innflutningnum.“

„Undirbúningur aðildar var vel á veg kominn í byggðamálum og fátt sem virtist standa í vegi fyrir því að samningar gætu náðst.“

Skýrsla Alþjóðamálastofnunar leiðir fram að um er að ræða raunverulegar samningaviðræður og að ekki fáiast heildarmynd af niðurstöðunum fyrr en þeim lýkur og niðurstaða fengist í öllum álitaeftum. Einnig kemur skýrt fram að ESB viðurkennir mikilvægi sjávarútvegs í efnahagslífi Íslands og að í aðildarviðræðum annarra ríkja verið fundnar leiðir til að tryggja þá hagsmuni sem mikilvægastir hafa verið taldir hverju sinni.

Mikilvægt er skapa eins víðtæka sátt um aðildarviðræðurnar og frekast er unnt. Augljóst er að viðræðuslit eru ekki til þess fallinn að skapa þá sátt. Þrátt fyrir að ríkisstjórnin vilji ekki halda viðræðunum áfram, er ávinningur þess að slíta viðræðunum enginn, þvert á móti er ljóst að erfiðara yrði að taka upp viðræður að nýju skapist til þess vilji Alþingis.

Samtök atvinnulífsins telja skýrslu Alþjóðamálastofnunar leiða sérstaklega vel í ljós hve mikilvægt það er fyrir hagsmuni Íslands að stjórnvöld ljúki viðræðum við Evrópusambandið og að niðurstaða fáiast um öll samningsmarkmið sem Alþingi setti á sínum tíma. Þannig er unnt að skapa sátt um viðræðuferlið sjálf. Þannig gefst einnig tækifæri á að meta heildarniðurstöðu aðildarsamnings.

Það er síðan þjóðarinnar að meta hvernig hún telji hag sínum best borgið til lengri tíma.

Virðingarfyllst,

Pétur Reimarsson,
forstöðumaður